



Jafnréttisstofa

Hvernig fáum við fjölbreyttari sjónarmið í sveitarstjórnir á Íslandi?

Anna Lilja Björnsdóttir og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Jafnrétti í sveitarstjórnnum

- Efling sveitarstjórna með aukinni vitund um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða.
- Sveitarstjórnir skulu endurspegla fjölbreytileika mannlífsins til að tryggja bestu mögulegu ákvarðanir um þjónustu við íbúa.
- Ákvarðanir skulu vera í samræmi við jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.
- Markvisst vinna að jöfnu kynjahlutfalli í sveitarstjórnnum.
- Hvatt til þátttöku fólks með fjölbreyttan bakgrunn, t.d. af erlendum uppruna, í stjórnun nærsamfélagsins.
- Laga starfsaðstæður í sveitarstjórnnum að fjölbreyttum aðstæðum fólks.

ER ÞINN
LISTI TIL
EINSKYNS?

Fjölbreytileiki í sveitarstjórnnum



- Sjö kjörnir fulltrúar af erlendum uppruna í sveitarstjórnnum landsins.
- Fengum kjörna fulltrúa frá fimm sveitarfélögum víðs vegar um land til að taka þátt í vinnustofu með okkur.
- Niðurstöðurnar voru nýttar til að búa til gátlista.
- Gátlistinn er hugsaður til að vekja fólk til umhugsunar og vekja athygli á mikilvægi fjölbreytileika í sveitarstjórnnum.
- Mikilvægt að stjórnmalaflokkar endurspegli flóru samfélagsins og verði brúarsmiðir fyrir fjölbreyttan hóp fólks til að taka þátt í sveitarstjórnarmálum.

**TRYGGJUM
FJÖLBREYTT
FRAMBOÐ Í
VOR**

#JÁTAK  Jafnréttisstofa

GÁTLISTI

Fjölbreyttari sjónarmið í
sveitarstjórnnum á Íslandi



Íslenskt samfélag er fjölbreytt og íbúar þess hafa ólíkar þarfir. Sú fjölbreytni endurspeglast þó hvorki nægilega í samsetningu sveitarstjórna, né í ákvarðanatöku þeirra. Þrátt fyrir að kynjajafnrétti hafi víða verið náð innan sveitarstjórna, er endurnýjun hröð og jaðarsettir hópar, svo sem fatlað fólk, hinsegin fólk og innflytjendur, eiga enn erfitt með að komast að borðinu. Þetta getur haft neikvæð áhrif á lýðræðið og dregið úr getu sveitarfélaga til að mæta fjölbreyttum þörfum íbúa. Þá sýna rannsóknir að fjölbreyttari ákvarðanatöku ýtir undir nýskapandi og hagkvæmar lausnir.

Til að efla sveitarstjórnir og styrkja lýðræðislega þátttöku þarf að bæta starfsaðstæður, stuðla að þátttöku fjölbreytts fólks á framboðslistum og í æðstu stöðum, þróa opnari stjórnmálamenningu með betra samráði og tryggja að enginn sé útilokaður frá ákvarðanatökuferlinu. Slík vinna verður að byggjast á raunverulegum vilja til breytinga, ekki eingöngu til að bæta ásjúnd.

Í þessari vinnu er mikilvægt að taka mið af stærð sveitarfélags, bæði hvað varðar íbúafjölda og dreifingu byggðar. Áskoranir og tækifæri eru ólík eftir því hvort um er að ræða stór eða smá sveitarfélög, dreifbýli eða þéttbýli. Í fámennum sveitarfélögum getur verið erfitt að tryggja fjölbreytileika og breiða þátttöku í sveitarstjórn, en lærdómur af góðu verklagi annarra sveitarfélaga getur verið lykillinn að árangri.

Markmið þessa gátlista er að styðja sveitarstjórnir í að auka fjölbreytni og dýpka skilning á mikilvægi ólíkra sjónarhorna við mótun sveitarstjórna. Með því að vinna markvisst að fjölbreytileika og inngildingu geta sveitarstjórnir orðið raunveruleg spegilmynd samfélagsins sem þær þjóna.

Gátlistinn byggir á fimm lykilþáttum: Fjölbreyttari framboðslistum, jafnvægi í samsetningu sveitarstjórna, öflugum samráði, auknu öryggi og reglubundinni fræðslu.

Gátlistinn er sveigjanlegur og nýtist á öllum stigum sveitarstjórnarstarfsins, frá framboðsferlinu til daglegra starfa. Með notkun hans opnast að vonum tækifæri fyrir fjölbreyttari einstaklinga til að taka þátt og hafa áhrif á eigin forsendum, þannig að öll finni sig sem virka þátttakendur.

GÁTLISTINN



FJÖLBREYTTIR FRAMBOÐSLISTAR OG FJÖLBREYTT SVEITARSTJÓRN

- ◀ Hvernig hvetjið þið fjölbreytt fólk til að bjóða sig fram eða taka þátt í sveitarstjórn?
- ◀ Er til stefna eða áætlun um aukinn fjölbreytileika á framboðslistum?
- ◀ Spegla framboðslistar og sveitarstjórn íbúasamsetningu sveitarfélagsins?
Hvað er gert til að auka fjölbreytileika á lista ef hann vantar?
- ◀ Hvernig er stuðlað að því að jaðarsettir hópar hafi raunverulega rödd í umræðum og ákvörðunum framboðsins og við mótun sveitarstjórnar?
Eru reglur eða leiðbeiningar um virka hlustun og jafna þátttöku?


RÁÐNING SVEITARSTJÓRA - EF VIÐ Á

- ◀ Hvernig er gætt að gagnsæi í ráðningarferlinu?
- ◀ Hvernig er dregið úr ómeðvitaðri skekkju (e. Implicit bias) í ráðningarferlinu?
Ómeðvituð skekkja (e. implicit bias) eru viðhorf og staðalmyndir, mótaðar af fyrri reynslu. Þær hafa áhrif á ákvarðanir án vitundar einstaklingsins. Fræðsla og fjölbreytt nefnd getur til að mynda hjálpað að vinna gegn því við ráðningar.

FJÖLBREYTT SAMRÁÐ OG ÞÁTTTAKA

- ◀ Hafið þið yfirsýn yfir lýðfræðilega samsetningu sveitarfélagsins?
Til að mynda: kyn, kynhneigð, aldur, uppruni og fötun.
- ◀ Hvernig er gætt að því að raddir allra hópa sveitarfélagsins séu hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatöku?
- ◀ Hvaða aðferðir eru notaðar til að ná fram fjölbreyttu sjónarmiði í samráði?
- ◀ Hvernig náði þið til þeirra íbúa sem síður taka þátt í hefðbundnu samráði?
Eru upplýsingar veittar á aðgengilegu máli og á ólíkum tungumálum?
- ◀ Er samráð og lýðræðisleg þátttaka öllum aðgengileg, að teknu tilliti til tæknifærni og hindrana?

Fjölbreyttari sjónarmið í sveitarstjórnun á Íslandi



MENNING OG STARFSADSTÆÐUR

- ◀ Hvernig er stuðlað að jákvæðri stjórnmálamenningu sem virðir fjölbreytileika?
- ◀ Hvernig er tryggt að starfsaðstæður séu sveigjanlegar og aðgengilegar?
Dæmi: Fjarfundir, aðgengi, stuðningur við ólík tungumál og táknmálstúlkun.
- ◀ Er tekið mið af fjölbreyttum þörfum á fundum og í félagslífi sveitarstjórnar?
Dæmi: Sveigjanleg fundarform, menningarnæmi og örugg nými.
- ◀ Hvaða leiðir eru notaðar til að tryggja að öll geti tekið þátt í fundum og störfum sveitarstjórnar?
Dæmi: Aðgengilegt textaefni, myndbönd, spurningasvæði, skoðanakannanir og skýrar verklagsreglur um miðlun á aðgengilegu og fjölbreyttu mál.

FORVARNIR OG ÖRYGGI


- ◀ Hvernig eru öryggisráðstafanir sniðnar að þörfum jaðarsettra hópa?
- ◀ Hvernig er stuðlað að öryggi á fundum, ráðstefnum og öðrum vettvangi sveitarstjórna?
- ◀ Hvernig er unnið gegn einelti, áreitni og ofbeldi og hvernig eru forvarnir kynntar?
- ◀ Hvernig er brugðist við tilkynningum um einelti, áreitni og ofbeldi?
- ◀ Hvernig hafa slíkar viðbragðsáætlanir verið kynntar fyrir kjörnum fulltrúum?
- ◀ Er til verklag sem kemur í veg fyrir að tengdir aðilar vinni úr tilkynningum um ofbeldi, einelti eða áreitni?
- ◀ Hvaða úrræði eru í boði fyrir þau sem verða fyrir áreitni eða ofbeldi?

*Er veittur sálrænn stuðningur og lögfræðiráðgjöf?
Hvernig er gætt að því að öll geti tjáð sig örugglega um slík mál?
Eru til trúnaðar- eða umboðsaðilar sem fólk getur leitað til?*

FRÆÐSLA OG ÞRÓUN


- ◀ Er regluleg fræðsla fyrir kjörna fulltrúa um fjölbreytileika og inngildandi stjórnarhætti?
*Er fræðslan skylda og haldin í upphafi kjörtímabils?
Er regluleg fræðsla um forvarnir gegn einelti, áreitni og ofbeldi?
Er fræðslan skylda og haldin í upphafi kjörtímabils?*

Fjölbreytileiki og inngilding



- Höfuðborg vs. Landsbyggð
 - Lítum okkur nær
- Áhrifin
 - Skynjun á jafnrétti
 - Ráðningar og verkaskipting
 - Fundarvenjur o.fl.


Játak



#JÁTAK



Játak





Jafnréttisstofa